



---

ÁHRIF Á HEILSU OG HVERT  
ER HÆGT AÐ LEITA EF  
KONA/STÚLKA HEFUR  
UNDIRGENGIST  
LIMLESTINGU Á KYNFÆRUM  
(FGM)

---



Limlesting á kynfærum kvenna (FGM) er aðgerð sem er framkvæmd vegna siðvenja og gilda í því landi sem hún fer fram.

Mest hefur verið gert af FGM í Afríkulöndum, mið- Austurlöndum og sumum löndum Suður-Asíu. Mismunandi aðgerðir eru gerðar. Algengust er að taka burt hluta af ytri börmum. Í sumum tilfellum eru innri eða ytri barmar saumaðir saman, skilið eftir lítið gat fyrir þvag og tíðablæðingar. Limlesting á kynfærum stúlkna – FGM - getur valdið mörgum fylgikvillum.

Margs konar aðrar aðgerðir eru þekktar og falla allar undir limlestingu. Er það til dæmis röspun, götun, skurður, sköfun og brennsla á kynfærum. Allar þessar aðgerðir eru ólöglegar á Íslandi.

Ef þú hefur verið limlest og ert að upplifa verki, blæðingar eða aðra kvilla tengda limlestingu á kynfærum þínum þá getur þú leitað aðstoðar hjá;

- Heilsugæslunni
- Heimilislækni
- Ljós móðurinni þinni ef þú ert barnshafandi
- Hjúkrunarfræðingi á heilsugæslunni þinni
- Skólahjúkrunarfræðingi
- Kvennadeildum
- Sérfræðingi, t.d. kvensjúkdóma/fæðingalækni eða barnalækni

Þar er þér leiðbeint hvert er best að þú leitir aðstoðar. Þagnarskylda er ávallt í fyrirúmi.

**Læknisfræðileg langvarandi vandamál geta verið:**

- Endurteknar sýkingar í kynfærum og þvagfærum, m.a. nýrnabilun
- Kviðverkir/óþægindi
- Óþægindi við kynlíf

- Erfiðleikar við þvaglát
- Erfiðleikar við tíðablæðingar
- Fylgikvillar við fæðingar fyrir bæði móður og barn
- Andleg vandamál

Hjá konum þar sem barmarnir hafa verið saumaðir saman er hægt að gera aðgerð þar sem það er opnað. Það getur minnkað mjög fylgikvilla. Aðgerð sem þessi er gerð oftast í deyfingu. Skynsamlegt er að gera þessa aðgerð áður en stúlkan byrjar samlíf/kynlíf, giftist eða verður barnshafandi og fæðir barn.

**Lög á Íslandi** banna FGM – limlestingar á stúlkubörnum/konum og ber að tilkynna það til barnaverndar ef áhyggjur vakna.

## Frumvarp til laga

131. löggjafarþing 2004-2005

Þskj. 67-67. mál

Frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingu á kynfærum kvenna).

### 3. gr.

Á eftir 218. gr. laganna kemur ný grein, 218. gr. a, sem orðast svo:

Hver sem með ásetningi eða gáleysi, með eða án samþykkis, veldur tjóni á líkama eða heilsu stúlkubarns eða konu með limlestingu á kynfærum hennar, þ.e. með því að fjarlægja þau að hluta eða öllu leyti, skal sæta fangelsi allt að sex árum. Hafi verknaðurinn haft svo alvarlegar afleiðingar að bani hlýst af eða brotið er sérstaklega hættulegt vegna aðferðarinnar eða tækja sem notuð eru varðar brotið fangelsi allt að 16 árum.

[Norsk síða](#) þar sem má finna þessar upplýsingar á nokkrum tungumálum